

Alþingi
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 23. nóvember 2018
1811022/0.4.1/dh

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum og lögum um landlækni og lýðheilsu (lyfjaávisanir hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra)

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að landlæknir veiti hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum leyfi til nánar tilgreindra lyfjaávisana að uppfylltum skilyrðum sem fram munu koma í reglugerð sem ráðherra setur. Meðal þessara skilyrða verður að viðkomandi heilbrigðisstarfsmaður hafi sótt og staðist fræðilegt, klínískt námskeið um lyfjaávisanir. Í frumvarpinu er lagt til að ákvörðun um áherslur, innihald, fyrirkomulag og framkvæmd slíks námskeiðs verði hjá embætti landlæknis í samvinnu við heilbrigðisvísindasvið háskólanna sem á að hafa umsjón með námskeiðinu.

Að mati landlæknis fellur framangreint verkefni, þ.e. að ákveða hvaða áherslur eigi að setja í fræðilegt og klínískt námskeið um lyfjaávisanir ekki undir hlutverk embættis landlæknis. Vissulega er það hlutverk embættisins að stuðla að því að menntun heilbrigðisstarfsmanna sé í samræmi við kröfur heilbrigðisþjónustunnar á hverjum tíma og er slíkt hlutverk tengt hinu almenna eftirlitshlutverki embættisins. Það er hins vegar ekki hlutverk embættisins að ákvarða innihald náms eða námskeiða til að öðlast nánar tiltekin réttindi sem heilbrigðisstarfsmaður sem landlæknir veitir. Að auki getur varla talist skynsamlegt að sama stjórnvald hafi á hendi ákvörðun um leyfisveitingu til handa heilbrigðisstarfsmanni, eftirlit með viðkomandi leyfshafa og ákvörðunarvald um áherslur, innihald, fyrirkomulag og framkvæmd fræðilegs og klíníks námskeiðs um lyfjaávisanir sem er forsenda leyfisveitingar.

Embætti landlæknis leggur til að hlutverkið sem embættinu er ætlað að hafa í tengslum við umrætt námskeið verði fært til aðila sem hafa til þess burði og forsendur, s.s. heilbrigðisvísindasvið háskólanna. Viðkomandi menntastofnun væri hins vegar rétt að leita eftir sjónarmiðum embættisins við gerð innihaldslýsinga slíkra námskeiða.

Virðingarfyllt,

Dagrún Hálfánardóttir,
sviðsstjóri sviðs eftirlits og gæða